

**Fylgiskjal með umsókn um starfsleyfis fyrir Efnarás ehf (kt.:530315-0290) með tilvísun til 7.gr, reglugerðar 785/1999, laga nr. 55/2003, reglugerðar nr. 184/2003 reglugerðar nr. 737/2003 og reglugerðar nr. 806/1999.**

(a) Lýsing á atvinnurekstri, umfangi og uppdrættir af staðsetningu.

Efnarás í Reykjavík var með gilt starfsleyfi fyrir móttöku, flokkun og þökkun spilliefna og annarra úrgangsefna sem þurfa sérstaka meðhöndlun og forvinnslu fyrir endurvinnslu eða förgun.

Samkvæmt starfsleyfinu hefur fyrirtækið leyfi til þess að taka við og meðhöndla 1000 tonnum af hvers konar spilliefnum á ári, einnig er heimiluð meðferð annarra úrgangsflokka, svo sem: sóttmengaður úrgangur, rafeindatæki/heimilistæki og hjólbarðar.

Fyrirtækið sækir um að starfsleyfið þannig að því verði heimilt að taka við allt að 1200 tonn af spilliefnum á ári, ásamt meðferð á öðrum úrgangsflokkum, svo sem: sóttmengaðan úrgang og rafeindatæki/heimilistæki eins og kveðið er á um í núgildandi starfsleyfi. Sótt er um að taka á móti allt að 4000 tonnum af raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Á athafnasvæðinu í Gufunesi eru tvær byggingar (sjá meðfylgjandi teikningu, hús merkt Efnamóttaka og Vöruskýli), 160 m<sup>2</sup> móttökuhús, 84 m<sup>2</sup> starfsmannaaðstaða og 70 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði (Efnamóttaka), auk 465 m<sup>2</sup> vöruskemma (Vöruskýli). Þetta húsnæði verður notað við móttöku, flokkun og geymslu spilliefna, en einnig verða flokkuð spilliefni geymd í gámum utandyra.

Einnig er 3100 m<sup>2</sup> útisvæði þar sem geymd verða rafmagnstæki og annar úrgangur sem þolir að vera utandyra, auk útflutnings og geymslugáma.

Svæðið er lagt bundnu yfirborðslagi, steipt og malbikað. Frárennsli frá spilliefnasvæðinu rennur í lokaða. Kerfið er sértaklega hannað með móttöku spilliefna í huga.

(b) Aðalskipulag/deiliskipulag

Lóðin er skilgreind sem iðnaðarsvæði í gildandi Aðalskipulagi 2010 – 2030. Meðfylgjandi er gildandi deiliskipulagi frá 09.03.1999.

(c) Staðhættir á vinnustað

Móttaka allra spilliefna fer fram á spilliefnasvæði Efnarásar í Gufunesi. Allt efni sem kemur inn á svæðið og fer út af því er viktað og skráð í bókhaldskerfi Efnarásar. Sjá nánar á meðfylgjandi teikningu af svæðinu

(d) Helstu hráefni og hjálparefni

Efnarás tekur á móti spilliefnum frá almenningi og fyrirtækjum, þeir hlutleysa efni á svæðinu ásamt því að flokka og pakka efnum og senda þau áfram til endurvinnslu, urðunar eða eyðingar. Endurvinnslu, urðunar og eyðingar stöðvarnar eru bæði staðsettar innanlands og utanlands, það fer allt eftir tegund spilliefnis hvert það er send í förgun.

Orkan sem er notuð á svæðinu er raforka, heitt vatn og jarðefnaeldsneyti.

(e) Eðli og uppruni helstu mengunarvalda, lýsing á áhrifum

Hér í töflunni er stiklað á helstu mengunarvöldum sem eru á svæðinu og hugsanlegum áhrifum á losun út í umhverfið.

Efni	Hugsanleg losun	Afleiðingar losunar	Mengunarvarnir/ Athugasemdir
Úrgangsolía	Getur við óhapp komist í jarðveg. Olíurnar eru yfirleitt hásjóðandi og uppgufun því mjög lítil.	Mengaður jarðvegur sem þarf að eyða sem spilliefni.	Meðhöndlun á úrgangsolíu er á lokuðu yfirborði og frárennsli er tengt lokaðri þró og olíugildru.
Sýrur og basar	Tankar geta lekið.	Mengaður jarðvegur og grunnvatn.	Meðhöndlun á lokuðu yfirborði. Frárennsli er tengt lokuðu kerfi.
Lífræn leysiefni	Ílát geta brotnað og efni lekið út.	Jarðvegsmengun, loftmengun, vatnsmengun.	Meðferð fer fram á lokuðu yfirborði. Afrennsli fer í lokaða þró og því hægt að hreinsa upp ef óhapp verður. Unnið er með efnin í lokuðum ílátum eins og hægt er.
Málningarefni	Ílát geta lekið.	Jarðvegsmengun, loftmengun, vatnsmengun.	Öll meðferð fer fram á lokuðu yfirborði. Afrennsli fer í lokaða þró og því hægt að hreinsa upp ef óhapp verður. Unnið er með efnin í lokuðum ílátum eins og hægt er.
Rafgeymar	Sýra getur lekið úr geymum.	Jarðvegsmengun, grunnvatnsmengun, mengun í frárennsli.	Meðhöndlun á lokuðu yfirborði og afrennsli fer í lokaða þró. Rafgeymar eru geymdir í lokuðum spilliefna körum.
Ýmis ólífræn efni, s.s. frá rannsóknastofum	Umbúðir leka.	Jarðvegsmengun.	Meðhöndlun á lokuðu yfirborði. Efnin geymd í upprunalegum umbúðum þar sem því er komið við og pakkað jafn óðum og þau berast.

#### (f) Mengunarvarnir og aðgerðir til að hindra losun.

Nú þegar er unnið í samræmi við gildandi starfsleyfiskröfur og allar mengunarvarnir eru til staðar. Öll meðhöndlun spilliefna fer fram á bundnu yfirborði. Frárennslið frá svæðinu rennur í lokaða þrær (8 m<sup>3</sup>).

Ekkert frárennsli er frá Efnamóttökunni, en öll spilliefnin efni eru flokkuð og meðhöndluð innandyra. Við spilliefnahúsið er þró sem er lokuð, 1 m<sup>3</sup> og þarfa alltaf að dæla úr henni. Hún er eingöngu til að taka við lekum á gólf innahúss (sjá meðfylgjandi teikningu).

Sýnitökur og efnamælingar á frárennsli hefur verið hagaðar í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar. Á svæðinu er tvær söfnunarþrær sem yfirborðsvatn af plönunum rennur í. Söfnunarþrærnar er tæmdar eftir þörfum þannig að ætíð er nægilegt rými í þeim ef óhapp verður. Búnaður og ídræg efni til hreinsunar á spilliefnum eru

ávallt til á svæðinu. Spilliefnin eru geymd í lokuðum ílátum til að koma í veg fyrir uppgufun. Leitast er við að halda magni spilliefna á svæðinu í lámarki.

Þvottaplan er á svæðinu og fer allt frárennsli frá því í gegnum olúgildru, 2 m<sup>3</sup> með sambyggðu sandfangi.

#### (g) Aðgerðir til þess að fylgjast með losun

Efnarás vinnur við innleiðingu vottaðs umhverfisstjórnunarkerfis í samræmi við ISO 14001 staðalinn og einnig öryggisstjórnun í samræmi við kröfur OSHAS 18001. Öll starfsemin verður inn í þessu kerfi og er búið að útbúa viðeigandi verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar fyrir hverja starfsemi fyrir sig. Í dag er unnið í samræmi við kvaðir starfsleyfis.

Leitast verður við að hafa athafnarsvæðið Efnarásar snyrtilegt. Það er girt af með öryggisgirðingu. Farið er með allan úrgang þannig að hann valdi hvorki óþrifnað eða ónæði, svo sem með foki, ryki, ólykt eða hávaða.

#### (h) Innra eftirlit og aðgerðir til þess að fylgjast með losun

Efnarás hefur reglulegt eftirlit með umhverfis og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið, og skrár eru aðgengilegar eftirlitsaðila. Efnarás mun senda ársyfirlit til umhverfisstofnunar í samræmi við kröfur starfsleyfis.

Einnig færir Efnarás grænt bókhald árlega og afhendir Umhverfisstofnun.

#### (i) Aðgerðir til þess að draga úr úrgangsmyndun, ásamt endurnýtingu

Efnarás hefur útbúið viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggt verður að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna og hættu við meðferð þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi vera tiltækar. Efnarás færir grænt bókhald. Útbúin hefur verið neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði Efnarásar til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvarinnar. Efnarás mun ábyrgjast og kosta framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

#### (j) Lýsing á tegund, magni úrgangs og öðrum ráðstöfunum.

Í starfsleyfi Efnarásar er gert ráð fyrir að taka á móti allt að 1000 tonnum af hvers konar spilliefnum á ári. Einnig er heimiluð meðferð annarra úrgangsflokka, svo sem:

- Sóttmengaður úrgangur
- Rafeindatæki/heimilistæki
- Hjólabarðar

Með þessari umsókn er þess farið á leit að leyfi verði gefið út til að taka á móti allt að 1200 tonnum af hverskonar spilliefnum á ári ásamt sóttmengudu úrgangi og rafeindatækjum/heimilistækjum.

Efnarás tekur á móti spilliefnum ásamt öðrum úrgangi sem þarf sérstaka meðhöndlun frá einstaklingum og atvinnufyrirtækjum og sér um að endurvinna eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir menn og náttúru.